

2. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitan, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 303, 28. júlí 1993.

Iðnaðarráðuneytið, 16. janúar 1995.

F. h. r.

Halldór J. Kristjánsson.

Steinunn Bjarman.

Nr. 39

19. janúar 1995

AUGLÝSING

um skrá Skjólgarðs, Hornafirði skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skrá yfir þá sem falla undir 4.-6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Framkvæmdastjóri 1,0 staða

Í Skjólgarði eru aldrei sjúkir í langtímadvöl og verða ekki útskrifaðir annað, Skjólgarður er þeirra heimili. Á hjúkrunardeild er 32 rúm og í þjónustuhúsnæði eru 13 rúm. Í Skjólgarði er einnig fæðingardeild.

Skrá yfir þá sem falla undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Hjúkrunarforstjóri 1,0 staða

Læknar 1,3 -

Ljósmeður 1,1 -

Hjúkrunarfræðingar 2,8 -

Sjúkraliðar 5,2 -

Matráðskona 1,0 -

Sjúkraþjálfun 0,25 -

Stöður hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða ráðast þannig:

	Dagv. virka d.	Kvöld. virka d.	Næturv. alla daga á bakv.	Dagv. helgar	Kvöldv. helgar	Alls stöður
Hjúkr.fræðingar	1,0	1,0		1,0	1,0	2,8
Sjúkraliðar	2,0	1,0	1,0	1,0	1,0	5,2

Viðbót v/kvöldvaktir alla daga og dagvakt um helgar hjá sjúkraliðum.

Vegna þess að í Skjólgarði vinna bæði ófaglært starfsfólk og sjúkraliðar hlið við hlið og hlutfallið á milli þeirra á vöktum breytilegt, þá getur komið upp sú staða að þeir starfsmenn

sem eru á vakt hverju sinni skv. vaktaskrá séu að mestu sjúkraliðar. Í þannig tilfellum sé það tryggt að 2 sjúkraliðar starfi á vakt.

Eldhús

	Dagv. virka d.	Dagv. helgar	Alls stöður
Matráðskona	0,8	0,2	1,0

Hornafirði, 19. janúar 1995.

*F. h. stjórnar Skjólgarðs,
Ásmundur Gíslason* forstöðumaður.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Öxarfjarðarhrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Öxarfjarðarhrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Öxarfjarðarhrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Öxarfjarðarhrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir og stjórnir skv. VI. kafla